

Samþykkt

um samgirðing í Kaldrananeshreppi samkvæmt lögum nr. 52, 30. júlí 1909.

1. gr.

Girðingin skal liggja frá Hesteyrartanga að sunnan, norður háls í Urriðavötn og úr þeim ofan Bjarnarfjarðará í svonefndan Berghyl.

2. gr.

Hreppsnefndin hefir alla aðalframkvæmd á verkinu og útvegum á efni til girðingarinnar, en falið getur hún einstökum mönnum framkvæmd verksins á einn eða annan hátt, eftir því sem hún sjer best henta.

3. gr.

Þegar fyrirtækið er komið á, skal kjósa 3 manna nefnd á samgirðingarsvæðinu, sem sjer um viðhald girðingarinnar, jafnar niður gjaldi því, sem árlega kemur til útgjalda, heimtir það inn og hefir yfirleitt öll störf á hendi í þarfir fyrirtækisins, að því leyti sem hreppsnefndin gerir það ekki. Kosning nefndarmanna gildir fyrir eitt ár í senn.

4. gr.

Upphæð þeirri, sem árlega fellur til útgjalda í rentur og afborgun af lán því, sem tekið er, skal jafna niður á tölu allra þeirra kinda, sem fóðraðar eru á svæðinu innan girðingarinnar, miðað við skýrslu þeirra manna, sem hafa á hendi hey og fjárskoðun hjá hreppsbúum. Sömu aðferð skal hafa við borgun á öðrum útgjöldum í þarfir girðingarinnar.

5. gr.

Hver bóndi er skyldur til að greiða gjald það, sem á hann er lagt, fyrir alt það fje, sem hann hefir á fóðrun, hvort sem hann á það sjálfur eða tekur það af öðrum til fóðurs, sömu skyldur hafa aðrir, sem hafa heyskap sjer, að svo miklu leyti sem þeir framfleyta á því sauðfje.

6. gr.

133

Nú hafa einhverjir, sem búa innan girðingarinnar, heyskap utan hennar,^{11. nóvbr.} sem þeir fóðra á sauðfje, er tekið er inn fyrir girðinguna einhvern tíma af árinu, eru þeir þá einnig skyldir til að greiða gjald af því fje, eins og því, sem fóðrað er innan girðingarinnar.

7. gr.

Nú vilja einhverjir utan girðingar fá að láta fje sitt inn fyrir hana til göngu haust eða vor, skulu þeir þá sækja um leyfi til þess til nefndar þeirrar, sem getur um í 3. gr. Leyfi hún það tekur hún til, hversu margt fje hver megi láta, og hversu mikið gjald þurfi fyrir það að greiða. Nefnd þessi getur algerlega neitað að taka fje af mönnum utan girðingarinnar, ef henni finst vera fullsett á landið innan hennar.

8. gr.

Nefnd sú, er ræðir um í 3. gr., skal árlega jafna niður gjaldi því, sem greiða þarf á árinu, eftir því sem fyrir er mælt í 4. og 7. gr. Hún skal vera búin að því fyrir lok septembermánaðar, og skulu öll þau gjöld vera komin til hreppsnefndar 31. desember.

9. gr.

Á hverju vori skal reka alt geldfje, sem er innan girðingarinnar út fyrir hana, jafnframt og búið er að rýja, ef það þykir vel tækilegt sökum veðráttufars. Annars að minsta kosti, að ekki sje nema kvífje á fráferum innan girðingarinnar. Heimilt er hverjum þeim, sem á innan girðingarinnar, að sleppa fje sínu eftir rjettir innan þeirra takmarka, sem hún setur.

10. gr.

Enginn má skerast undan að leggja til samsmölunar, er nefnd sú fyrirskipar, sem ræðir um í 3. gr. Einnig eru þeir skyldir til að leggja til þeirrar smölunar, sem heima eiga utan girðingarinnar, ef þeir hafa komið fje fyrir þar til göngu. Komi það fyrir, að fje, sem vafi leikur á að eigi að verða innan girðingar-

133 innar eftir fráfærur, hittist á svæðinu eftir að almenningur er búinn að færa frá, 11. nóv. þá skal hverjum einum skylt, sem getur handsamað slíkt fje, að láta það ganga til rjetts eiganda, sem þá sjer um, að það sje rekið út fyrir girðinguna, ef það eru ekki ær, sem hann færir frá.

11. gr.

Þess skal stranglega gætt að búa vel um hlið girðingarinnar í hvert skifti sem farið er um þau, og láta þau aldrei standa opin lengur en nauðsyn krefur.

12. gr.

Brot gegn þessari samþykkt varða sektum frá 2—20 kr., sem renna í sveitarsjóð.

13. gr.

Það sem ekki er sjerstaklega tekið fram í þessari samþykkt, fer að öðru leyti eftir því sem fyrir er mælt í lögum um girðingar nr. 52, 30. júlí 1909.

Samþykkt þessi er hjermeð staðfest til að öðlast þegar gildi.

Í stjórnarráði Íslands, 11. nóv. 1914.

Í fjarveru ráðherra.

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.